



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Funaborg

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	4
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	6
4. Innra mat deilda 2025-2026	8
4.1 Innra mat Guddumóa 2025-2026	8
4.2 Innra mat Fögrubrekku 2025-2026	11
4.3 Innra mat Helgustekks 2025-2026	13
4.4 Umbótaáætlun deilda 2026-2027	15
5. Starfsþróunarsamtöl	16
6. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.....	16
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	16
8. Foreldrasamstarf	16
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	17
9.1 Umsögn foreldraráðs	19





1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið hefur verið dálítið þungt framan af. Við þurftum að nýta faliðunarferli. Mjög erfitt reyndist að ráða starfsfólk. Foreldraráð fór í fréttirnar með alvarleika stöðunnar í mönnunarmálum leikskóla og það var höldum við, það sem gerði það að verkum að það fóru að skila sér inn umsóknir sem við gátum nýtt inn í leikskólann. Foreldrar hafa verið okkur ómetanlegur stuðningur í gegnum erfiða tíma og þökkum við kærlega fyrir það.

Biðinni endalaus eftir flutningum á annan stað á meðan Funaborgin væri stækkuð lauk ekki eins og áætlað var síðastliðinn október. Við erum enn hér í Funafoldinni. Reyndar hefur verið tekin sú ákvörðun að fresta/hætta við viðbygginguna.

Funaborgin var skoðuð vel og vandlega af óháðu fyrirtæki og það er ýmislegt sem þarf að laga og vinna með, enda Funaborgin orðin 32 ára gömul og tími kominn á margt.

Því eru flutningar enn og aftur á dagskrá og ráðgert er að flytja í Húsaskóla í fjóra til sex mánuði í byrjun október. Á meðan við kynnum okkur nýjar slóðir verður Funaborgin fíneseruð. Lóðin í kringum leikskólann verður skoðuð og endurgerð í sumarlokuninni. Áætlað er að afmarka lóð fyrir yngstu börnin og lagfæra og skipta um eitthvað af leiktækjum lóðarinnar. Mjög spennandi verkefni. Gaman að fá uppfærslu á fallegu lóðinni okkar.

Þessi bið og óvissa hefur vissulega áhrif á starfsmannahópinn, annað væri undarlegt. Nú vonumst við til að biðinni og óvissunni létti með þessum flutningum í haust. Starfsfólk Húsaskóla tekur vel á móti okkur og við verðum komin heim áður en við náum að snúa okkur við.

Við ætlum að líta á Húsaskólaverkefnið sem ævintýri eða jafnvel ferðalag, þar sem við lærum á nýjar aðstæður, sköpum nýjar hefðir, aðlögunum eldri hefðir og njótum alls sem verkefnið kann að hafa upp á að bjóða.

Við í Funaborg fögnum nýrri Reykjavíkurléið sem styttr gjarnan vinnudag barna og gerir okkur kleift að aðlaga vinnutíma starfsmanna betur að breyttum aðstæðum. Margir foreldrar kusu að hafa föstudaga styttri þannig að við munum endurhugsa vinnutíma, 36 stunda vinnuviku og fleira.

Í Funaborg trúum við því að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfið sitt og stærra samfélag verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptamynstrum.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Stjórafundir voru nýttir til þess að skýra hlutverk og skyldur stjórnenda.

Hvað var metið?	Skilgreina hlutverk stjórnenda og verkefnaskyldur þeirra
Hvernig fór matið fram?	Á skipulögðum stjórnendafundum og umræðum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendahópur: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, þrjár deildarstjórar, sérkennslustjóri og verkefnastjóri.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það er meiri vitneskja um hlutverk og skyldu stjórnenda og meiri aðgangur að skriflegri útlistun hlutverka. Við eigum eftir að koma starfslýsingunum í eitt safn eða hefti með starfslýsingum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Starfsmannakönnunin Stofnun ársins.
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram frá október til desember 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar. Þrettán starfsmenn í Funaborg svöruðu könnuninni af þeim nítján starfsmönnum sem voru fastráðnir á þessum tíma í leikskólanum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heildarmat kemur betur út heldur en á árinu áður. Launakjörs þátturinn hefur hækkað verulega samfara launahækkunum ársins. Starfsmönnum líður vel í starfi og finna til sjálfstæðis í starfi. Eins og áður kemur starfsmannaaðstaða út með lægstu einkunnum könnunarinnar. Hljóðvist er ábótavant, loftgæði léleg og það vantar fullnægjandi undirbúnings-, hvíldar- og kaffiaðstöðu.





	<p>Tækifæri til umbóta voru einnig nefnd í starfsfáætlun síðasta árs og hlökkuðum við til að fá úrbætur á allri starfsmannaðstöðu með nýrri byggingu.</p> <p>Núna er ný staða að líklega verður ekki byggt við, að minnsta kosti ekki að sinni. Rætt hefur verið að nauðsynlegt sé að finna lausnir á starfsmannaaðstöðu en þær umræður og skoðanir eru enn á byrjunarstigi. Farið var yfir niðurstöður könnunarinnar á starfsdegi í apríl.</p>
--	---

Hvað var matið?	Foreldrakönnun á vegum Reykjavíkurborgar
Hvernig fór matið fram?	Matið fór fram í mars og apríl 2025
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar/forráðamenn barna í leikskólanum Funaborg. Mjög góð þátttaka var í könnuninni. 47 svör af 49 í úrtaki.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður könnunarinnar eru mjög leikskólanum í vil. Foreldrar segja barni líði vel, barn sé öruggt og það sé stutt við þarfir barns í notalegu andrúmslofti. Skólanum sé vel stjórnað og foreldrar eru ánægðir með skólann. Skipulögð faliðun ársins hafði sín áhrif á fjölskyldulífið, en rúmlega 60% foreldra segir faliðun hafa frekar mikil eða mjög mikil áhrif. Tækifæri til umbóta: Alltaf að skoða stöðuna með eins miklum fyrirvara og hægt er. Ef kemur aftur til faliðunnar þá vitum við að skipulögð faliðun, þó slæm sé, er skárri kostur tveggja.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Í umræðu á stjórnendafundum kom í ljós að þekking nýrra starfsmanna í leikskólanum á öryggi og ábyrgð í starfi er ólík og það skapar misskilning og ósamræmi í vinnubrögðum. Mikilvægt að bæta þekkinguna til þess að þekking og skilningur allra sé sá sami þegar kemur að öryggi og ábyrgð fyrir bæði börn og starfsmenn.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-innra mat	Öryggi og ábyrgð
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að bæta þekkingu og upplýsingar varðandi öryggi barna og skilgreina betur ábyrgðina sem því fylgir.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Markmiðið er að nýtt starfsfólk fái fræðslu og að starfsfólk sem hefur verið lengur í starfi skerpi á þekkingu sinni um ábyrgð og öryggi. Listi um yfirferð á garði frá Reykjavíkurborg nýttur sem gátlisti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Námskeið á vegum Reykjavíkurborgar.
Ábyrgð	Leikskólastjóri/Aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Námskeið vinnueftirlits 27. nóvember 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mánaðarlegur skráningarlisti í fataklefa rýndur og ræddur fyrst á stjórafundum og svo á deildarfundum til þess að bæta og/eða hrósa.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði

Að stjórnendur og starfsfólk hafi betri vitneskju um hvað er öryggi, hvers vegna það er mikilvægt og hver er ábyrgð þeirra í starfi í leikskólanum. Að listi sem hangir í fataklefa sé nýttur og að garðurinn sé yfirfarinn á hverjum degi og merkt við.



4. Innra mat deilda 2025-2026

Innra mat leikskóladeilda tryggir gæði starfsins og stuðlar að umbótum. Innra mat hjálpar til við að greina styrkleika og veikleika starfsins.

4.1 Innra mat Guddumóa 2025-2026



Í Guddumóa er lögð áhersla á félagsfærni, samvinnu, sjálfstæði og jákvæða framkomu elstu barna leikskólans, jafnframt því að víkka sjóndeildarhring þeirra með námi og upplifunum utan leikskólans.

Sjálfsöryggi barnanna er styrkt með söng og framkomu í hópum, bæði í leikskólanum og í Fríðuhúsi í samstarfi við Alzheimersamtökin. Við skipulag næsta skólaárs verður tekið mið af áhuga barna og reynslu af útinámi og samstarfsverkefnum.

Styrkleikar í Guddumóa: Félagsfærni, vinátta og útinám

Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin tileinki sér félagslega hæfni í gegnum leik, samskipti og sameiginlega reynslu. Með því að vera virkir þátttakendur í leik læra þau að vinna saman, takast á við ágreining og taka tillit til annarra. Hlutverk starfsfólks er að fylgjast með og styðja við ferlið, án þess að stýra því of mikið, þannig að börnin fái raunhæf tækifæri til að þjálfa samskiptafærni sína á eigin forsendum.

Markvisst er unnið með vináttu í hópastarfi þar sem börnin fá svigrúm til að ræða samskipti, hlusta á sögur sem fjalla um vináttu og setja sig í spor annarra. Í þeirri vinnu er stuðst við verkefnið Blæ,

vináttuáttak Barnaheilla, sem miðar að því að efla félagslega vitund barna og vinna gegn einelti með jákvæðum og uppbyggilegum aðferðum.

Á haust- og vorönn, nánar tiltekið í október og maí, taka börnin þátt í myndrænu verkefni þar sem þau teikna eftir fyrirmælum „ég og vinir mínir“. Myndirnar gefa mikilvægar vísbendingar um hvernig börnin upplifa vinatengsl, stöðu sína í hópnum og almenna líðan. Þessi vinna nýtist ekki aðeins sem greiningartæki heldur einnig sem grunnur að áframhaldandi samtali og markvissri vinnu með félagslega þróun barnanna.



Á vetrarmánuðum var unnið skipulega með Lubba sem hluta af málræktarstarfi leikskólans. Samverustundir voru nýttar til reglulegrar kynningar á hljóðum þar sem lögð var áhersla á að byggja upp hljóðvitund barna á áhugaverðan hátt. Sögur úr bókinni *Lubbi finnur málbein* voru lesnar og unnið var áfram með efnið í gegnum leiki og fjölbreytt verkefni úr Hljóðasmiðjunni, sem studdu vel við daglegt starf og þátttöku barnanna.

Útinám er jafnframt órjúfanlegur hluti af námi barna í leikskólanum og er fléttað inn í daglega starfsemi. Með útiveru fá börnin tækifæri til að kanna og læra um umhverfi sitt með öllum skilningarvitum, ásamt því að efla hreyfingu, samveru og forvitni. Í vetur var farið í vettvangsferðir



utan leikskólalóðar þar sem börnin leituðu að hentugum náttúruæfnum, meðal annars greinum sem notaðar voru til tálgunar.

Náttúrubingó hefur verið fastur og vinsæll liður í útinámi og er spilað allt árið um kring. Leikurinn veitir börnunum tækifæri til að fylgjast með og upplifa breytingar í náttúrunni eftir árstíðum og dýpkar þannig skilning þeirra á umhverfinu sem þau tilheyra.

Þegar veturinn færði okkur snjó nýttum við tækifærið til sköpunar og fórum með börnin út að mála í snjónum. Deildin Guddumói nýtur þess að vera staðsett í afar fjölbreyttu og aðlaðandi umhverfi. Skógarhúsið okkar



stendur við það sem við köllum ævintýraskóginn, þar sem náttúran býður upp á ótal möguleika til leikja og náms.

Í þessu umhverfi fá börnin að læra í gegnum raunverulegar upplifanir þar sem bæði hreyfiproski og tengsl þeirra við náttúruna eflast á lifandi og merkingarbæran hátt.

Tækifæri í Guddumóa: Félagsfærni, vinátta og útinám

Reynslan sýnir að ítarleg vinna með félagsfærni og vinatengsl skilar miklum ávinningi hjá elstu börnum leikskólans. Því verður áfram lögð rík áhersla á að efla þessa þætti með aðferðum sem hafa gefist vel, jafnframt því sem opið verður fyrir nýjar leiðir og hugmyndir sem spretta upp út frá áhuga og þörfum barnahópsins á næsta skólaári.

Eitt af markmiðum komandi skólaárs er að auka markvissa vinnu með Lubba í málörvun. Stefnt er að því að innleiða reglulegar Lubbastundir þar sem börnin verða í smærri hópum, sem skapar aukið svigrúm fyrir þátttöku, einbeitingu og einstaklingsmiðaða nálgun í námi.



4.2 Innra mat Fögrubrekku 2025-2026

Á þessu skólaári var lögð mikil áhersla á að skapa reglu og rútínu inn á Fögrubrekku til þess að börnin upplifðu öryggistilfinningu og vellíðan inni á deild þrátt fyrir óáreiðanleikann sem faliðunarferli og breytingar á starfsmannahópi höfðu í för með sér. Gildin sem lögð var áhersla á inni á deild voru áreiðanleiki, ánægja, leikur og huggulegheit. Með þetta að leiðarljósi var lögð rík áhersla á gott hópastarf til að efla tengsl milli barna og skapa námstækifæri í huggulegra umhverfi í smærri hópum. Söngur var nýttur mikið til kennslu á orðaforða og hreyfifærni. Lubbi var stór þáttur af prógrammi eldri barnanna út veturinn og eftir áramót var starfið með Lubba eftt til muna með yngri hópunum líka.

Styrkleikar á Fögrubrekku: Öryggi, sjálfstæði, félagsfærni og huggulegheit

Á Fögrubrekku nýtum við öll þau tækifæri sem gefast í leik og daglegum samskiptum til málörvunar; setjum orð á hluti, athafnir og tilfinningar, lærum ný orð og hugtök. Allar aðstæður eru tækifæri til náms. Fastir punktar í daglegu starfi eru nýttir í málörvun og sjálfshjálp með það að markmiði að auka trú barnanna á eigin getu. t.d. í fataklefa, matartíma, við frágang o.s.frv.

Máltíðir eru fjórar á dag og þar æfa börnin sig alla daga að drekka úr opnum glösum, borða með hnífapörum og jafnvel skammta sér sjálf. Þau læra að segja hvað þau vilja og ganga frá eftir matinn.

Börnin öðlast mikið sjálfstæði og sjálfstraust við að fá að gera sjálf. Að sulla úr glasinu og missa mat á borðið eða gólfíð er partur af lærdómsferlinu og þau læra fljótt að mistök eru í lagi, við þurrkum þetta upp saman og höldum áfram að borða og njóta.

Í fataklefanum notum við alls konar skemmtilega leiki, aðferðir og hrós til að koma okkur öllum í viðeigandi útifatnað hverju sinni. Leikurinn „hvar eru tærnar þínar?“

heldur áfram að gleðja og verða til þess að skálmur á útigöllum eru togaðar alla leið á sinn stað.

Frasinn „Ég gerði sjálf!“ verður vonandi áfram mest notaði fataklefafrasinn hjá börnunum á Fögrubrekku.

Samverustundir eru alla morgna. Þar læra börnin ný lög, nöfn hvors annars og markvisst er unnið með Lubba og málbeinin hans. Við lærum nýtt hljóð á 1-2 vikna fresti og löginn sem fylgja hljóðunum fara í lagapoka sem sungið er upp úr áfram út önnina.





Þegar börn byrja í leikskóla er oft mikið um stórar tilfinningar sem oft á tíðum er erfitt að stjórna. Þess er gætt að börnin hafi rými til þess að tjá tilfinningar sínar, læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi og vináttu.

Yngstu börn leikskólans eru mjög sjálflæg í hugsun og því fer mikill tími í að æfa sig, bæði í því að setja sín eigin mörk og að læra að virða mörk jafningja. Frasarnir byrja einfaldir hjá þeim allra yngstu; „stopp“ og „nei“ eru mikið notuð í byrjun en seinna fer svo að heyrast „má ég prófa þegar þú ert búinn“ og „ekki gera þetta“ eða jafnvel „fyrirgefðu“ við réttar aðstæður þegar þau ná betri tökum á tungumálinu.

Tækifæri á Fögrubrekku skólaárið 2026-2027

Næsta skólaár mun deildin breytast og verða betur aldursskipt, Fagrabrekka verður yngstu barna deild, 1-2 ára gömul. Áherslur deildarinnar munu þar af leiðandi verða einfaldaðar í takt við yngri barna hóp, sömu lærdómstækifæri verða nýtt (t.d. fataklefi, matartími, leikur o.s.frv.) en kröfurnar í takt við aldur og þroska hvers og eins barns. Við munum halda áfram að byggja starfið okkar á málörvun og að styrkja sjálfstæði, sjálfshjálp og félagsfærni. Einnig ætlum við að gefa Lubba meira rými með markvissum Lubbastundum, þar sem öll börn fara í smærri hópa og læra um hljóðin.

Við munum leitast við að nota áfram gamlar aðferðir sem hafa virkað og bæta við nýjum sem henta ef til vill betur nýjum barnahóp.

Markmið á næsta skólaári er að virkja börnin í rólegum vinnustundum við borð, huggulegum lestrarstundum í kósýkrók, eflandi söngstundum í hádeginu og styrkja þau í að kanna nýjan efnivið, umhverfi og leik, sérstaklega í útveru.



4.3 Innra mat Helgustekks 2025-2026

Síðasta skólaár hefur kennt okkur margt. Byggt á reynslu síðasta skólaárs verður áfram lögð mikil áhersla á að stuðla að málörvun og styrkja félagsleg tengsl nemenda. Meðal annars í gegnum verkefnið Vinátta og Lubbi finnur málbein. Markmiðið er að samþætta málörvun og tengslamyndun í daglegu starf okkar.

Styrkleikar Helgustekks: Félagsfærni, vinátta og málörvun

Síðasta skólaár hefur kennt okkur margt. Byggt á reynslu síðasta skólaárs verður áfram lögð mikil áhersla á að efla málörvun og styrkja félagsleg tengsl nemenda. Meðal annars í gegnum Vinátta. Markmiðið er að samþætta málörvun og félagsfærni í daglegt starf okkar. (Þessi sami texti kemur fyrir tvisvar)

Á Helgustekk leggjum við áherslu á að kennarar sýni gott fordæmi og hvetji börnin til að taka þátt í að skapa örvandi málumhverfi með lestri bóka, þátttöku í leik og með því að skapa stuðningsríkt rými. Við vinnum markvisst með námsefnið Lubbi finnur málbein. Í gegnum söng, táknrænar hreyfingar og sögur læra börnin máhljóðin á fjölbreyttan og skapandi hátt.



Einnig lesum við bækur hvenær sem tækifæri gefst og ef nemendur óska eftir lesstund (t.d í samverustund, frjálsum leik). Helgustekkur er með lesstund á bókasafni alla daga eftir hádeigsmat fyrir þau börn sem ekki sofa. Til að stuðla að málörvun bjóðum við einnig upp á tækifæri til að vinna einn á einn (maður á mann) og/eða í litlum hópum til að gefa þeim 10. Þetta þýðir að gefa þeim 10 mínútur til að einbeita sér í leik, tala og eiga samræður til að efla málnotkun og skilning. (Verkfærið „Gefðu 10“)



Vinátta er mikilvæg. Í samverustundum styðjumst við meðal annars við efnið um bangsann Blæ. Unnið er með gildin virðingu, umhyggju, hugrekki, klípusögur og umburðarlyndi í gegnum samverustundir. Bangsinn Blær er notaður til að kynna sögur, samræður og lög þar sem börn æfa samkennd og tilfinningalæsi. Einnig taka kennarar virkan þátt í leik barnanna til að leiðbeina þeim við að vinna úr ágreiningi, æfa sig að deila, læra að

bíða í röð og leysa ágreining á uppbyggilegan hátt.

Leikskólabörn læra félagsfærni best í gegnum skipulagðan leik, leiðsögn og daglegar athafnir í leikskólanum. Á Helgustekk nýtum við öll tækifæri sem gefast í gegnum leik til að eiga samskipti og byggja upp tengsl við hópinn t.d. í hópastarfinu okkar, í frjálsum leik, í matartímanum, í fataklefa og fleira. Allar stundir eru námstækifæri.

Tækifæri Helgustekks:

Á Helgustekk leggjum við okkur öll fram við að hlúa að málörvun, vináttu og félagsfærni barnanna. Þessir þættir eru mikilvægur hluti af okkar daglega starfi til að tryggja að hvert barn finni til öryggis, séu partur af hópnum og hafi hvatningu til að þroskast á eigin forsendum í leik og starfi. Hvatt er til bókalesturs, starfsmenn efla samræður og rækta góð samskipti. Starfsfólkið á Helgustekk er börnunum góð fyrirmynd með framkomu hvert við annað og við börnin. Við leggjum mikið upp úr því að skapa umhverfi þar sem börnin finna öryggi til að tjá tilfinningar sínar, segja frá hugsunum sínum og læra að setja sig í spor annarra. Málörvun á Helgustekk snýst um að börnin fái tækifæri til að nota röddina sína. Við viljum að hvert barn finni að á það sé hlustað, að það skipti máli og að það sé dýrmætur og virkur hluti af hópnum.





Við nýtum hvert tækifæri leikskóladagsins til að styrkja samskipti og félagsleg tengsl barnanna.

4.4 Umbótaáætlun deilda 2026-2027

Næsta skólaár leggjum við sérstaka áherslu á vináttu og félagsfærni allra barna í leikskólanum með markvissri og aldursmiðaðri vinnu. Við teljum færni í félagslegum samskiptum vera grunninn að öllu því sem koma skal.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni og vinátta.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að í leikskólanum náum við að skapa aðstæður þar sem börnin læra að vera hluti af hópi, mynda tengsl og leysa úr samskiptum/samskiptarörðugleikum á jákvæðan hátt. Starfsfólk er fyrirmynd barnanna og skapar umhverfi sem er hvetjandi til félagstengsla.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk setur orð á tilfinningar og aðstæður hjá yngri börnum. Aðstoða við að setja orð í stað hegðunar hjá eldri börnum. Börnin æfa sig með hjálp starfsmanna að bíða eftir að röðin komi að þeim. Starfsfólk leiðbeinir börnunum í frjálsum og skipulögðum leikjum.
Ábyrgð	Deildarstjórar og deildarstarfsmenn
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – júní 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Teknar myndir á yngri deildum þegar börn eru saman í leik og komið fyrir á vegg deildar svo að hægt sé að ræða með börnunum. Benda á myndir og segja t.d. „leika“, „skiptast á“. Eldri barnahópur teiknar myndir af vinum sínum í upphafi og enda annar. Myndræn skráning á þróun vináttu.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin skoði myndir af samleik og vináttu og starfsfólk noti myndir úr raunverulegu starfi til að benda á og nefna vináttu. Að í eldri barnahópi standi ekkert barn utan hósins. Að börn hafi lært og tamið sér einfaldar reglur





eins og að bíða eftir að röðin komi að þeim og að skiptast á með leikföng og hluti.

5. Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í apríl, maí og júní. Þau fóru fram á skrifstofu leikskóla og aðstoðarleikskólalastjóra, á kaffistofu og í skrifstofurými skógarhússins.

Snerpusamtöl fóru fram á einni af þremur deildum á haustönn.

6. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans

Tveir starfsmenn hyggja á háskólanám, önnur í námsleyfi að klára meistaranám í alþjóðlegu námi í menntunarfræðum og hin í Academic Icelandic – Diploma 60 einingar.

Einn starfsmaður (jafnvel fleiri) ætla í íslenskunám Mímis.

Fræðsla/námskeið – Öryggi og ábyrgð starfsmanna á vinnustað – Eypór Víðisson frá Vinnueftirlitinu á starfsdegi 27. nóvember.

Sóley og Sísi frá Stuðnings- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar koma og gera með okkur starfsmannasáttmála. Starfsdagur 11. janúar 2027.

7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tímasett áætlun um samstarf við grunnskóla og frístund kemur hér fram þar sem settar eru niður áherslur og skipulag næsta starfsárs.

Heimaskólinn okkar á næsta skólaári verður Foldaskóli. Þá verður samstarf við frístundaheimilið Regnbogaland. Dagskráin er ekki tilbúin, kemur frá Foldaskóla haust 2026.

8. Foreldrasamstarf

Ef af flutningum í Húsaskóla verður þá þurfum við í samstarfi við næsta foreldrafélag að huga að breytingum á dagskrá, fundartímum ofl.

Foreldraráð var kosið að hluta til á haustfundi fyrir foreldra leikskólans og svo voru fleiri foreldrar „blikkaðir“ í félagið á göngum leikskólans.





Foreldrafundur fyrir alla foreldra verður haldinn um miðjan október að kveldi, við þurfum að sjá hvernig verður með húsnæði fyrir fund ef ráðgerðir flutningar í Húsaskóla eiga sér stað.

Foreldrasamtöl eru boðuð tvisvar á ári. Deildarstjóri og foreldri. Foreldrar geta valið á milli þess að koma á staðinn í samtal eða heyra í deildarstjóra í síma.

Fulltrúar í foreldrafélagi hittast c.a tvisvar á ári og skipuleggja viðburði fyrir börn leikskólans, bæði viðburði sem eru með foreldrum eins og t.d. sveitaferð og einnig án eins og t.d. jólaball.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

30. september 2026 – Starfsdagur sameiginlegur með grunnskólanum – nýttist sem pökkunardagur

27. nóvember 2026 – Námskeið frá Vinnueftirliti um ábyrgð og öryggi barna og starfsmanna

11. janúar 2027 – Samskiptasáttmáli Funaborgar gerður. Sóley og Sísi ráðgjafar

05. febrúar 2027 – Starfsdagur sameiginlegur með grunnskólanum – Dagur leikskólans

27. mars 2027 – Starfsdagur sameiginlegur með grunnskólanum – Menntastefnumót

28. maí 2027 – Að hrista saman starfshópin





Agnes Jónsdóttir
Leikskólastjóri

júní 2026
Dagsetning





9.1 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027

Nafn leikskóla

Funaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ólöf Eiríksdóttir

Hanna María Jónsdóttir

Tinna Rut Þóroddsdóttir

Sif Jónsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun Leikskólans Funaborgar fyrir veturinn 2026 – 2027 og staðfestir að hún uppfyllir þau skilyrði sem skóla- og frístundasvið setur.

Við lestur á innra mati leikskólans er greinilegt að áfram vinna allir saman að því markmiði að gera Funaborg að leikskóla þar sem börnunum líður vel og þau dafna vel í leik og starfi. Stefna og faglegt starf leikskólans er metnaðarfullt og einkennist af áhugasömum verkefnum sem hæfa aldri og þroska barnanna.

Í vetur þurfti aftur að grípa til faliðunarferlis í Funaborg frá nóvember og fram í byrjun mars. Frá 10. nóvember þurfti hvert barn þá að vera heima einn dag í viku. Í byrjun janúar bárust svo fréttir af því að fara þyrfti í enn meiri faliðun þar sem öll börn yrðu send heim á hádegi á föstudögum frá og með 16. janúar. Fulltrúar foreldraráðs fóru þá af stað og vöktu mikla athygli á mönnunarvanda Funaborgar, bæði með því að hafa samband við viðeigandi aðila innan Reykjavíkurborgar en einnig með því að leita í fjölmiðla. Það virtist skila sér, því stjórnendum leikskólans bárust í kjölfarið mun fleiri starfsúmsóknir en þeir höfðu áður fengið þrátt fyrir þrotlausar tilraunir. Ekki þurfti að grípa til faliðunar eftir hádegi á föstudögum utan þessa eina dags, 16. janúar, og frá og með 26. janúar var hægt að draga úr faliðunarferli þannig að hvert barn var heima hálfan dag í viku. Frá byrjun mars var svo hægt að aflétta alveg skipulögðu faliðunarferli og hefur ekki þurft að grípa til þess síðan. Fulltrúar foreldraráðs hafa fullan skilning á því að stjórnendur þurfi að grípa til faliðunar til þess að tryggja öryggi en á sama tíma vita þeir að það reynist mörgum fjölskyldum afar flókið. Fyrir utan að setja bæði foreldra og starfsfólk í mjög erfiða stöðu hefur faliðunarferli í för með sér mikið rót fyrir ung börn. Stjórnendur Funaborgar og starfsfólk eiga mikið hrós skilið fyrir þrautseigju og æðruleysi í að takast á við þennan mönnunarvanda og svo að taka á móti og þjálfa upp nýtt starfsfólk.

Þá hafa stjórnendur einnig sýnt mikla þrautseigju og æðruleysi þegar kemur að fyrirhuguðum framkvæmdum í Funaborg. Nú liggur fyrir að farið verður í löngu tímabært viðhald á núverandi húsnæði og að ekki verður farið í fyrirhugaða stækkun skólans. Frá október er enn á ný stefnt á tímabundna flutninga Funaborgar í Húsaskóla sem verður vonandi gæfuríkt fyrir bæði börn og starfsfólk.

Starfsáætlun er aðgengileg og veitir góða innsýn í starfið í leikskólanum fyrir foreldra. Stjórnendur skólans og deildarstjórar eiga einnig hrós skilið fyrir skýra og góða upplýsingagjöf til foreldra jafnt og þétt yfir skólaárið, bæði hvað varðar faliðunarferli en líka almennt um dagskrá leikskólans.

Frá byrjun desember tók fyrirtækið Skólamatur við skólamáltíðum í Funaborg og hefur verið almenn ánægja með matinn þaðan.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



